

Mánudaginn 12. nóvember 1951.

Nr. 9/1951: **Farmanna-og fiskimannrasamband Íslands f. h.**
skipstjóra og stýrimannafélagsins Ægis
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Agreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 4. júlí þ. á., af Farmanna og fiskimannasambandi Íslands f. h. skipstjóra og stýrimannafélagsins Ægis gegn Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Stefnandi gerir þær dómkröfur: a) að dæmt verði, að lýsi skuli teljast til þeirra afurða, er matsnefnd samkvæmt 11. gr. samnings aðilja frá 7. nóv. 1950 framkvæmir rannsókn og mat á, hvort tekið hafi verðbreytingum og b) að aflaverðlaun af saltfiski, sem landað er í erlendri höfn, skuli miðast við heildarsöluverð hans þar. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 7. nóvember 1950 gerðu aðiljar máls þessa með sér samning um kaup og kjör skipstjóra og fyrstu stýrimanna á botnvörpuskipum.

2. gr. samnings þessa hljóðar svo:

„Auk mánaðarkaups samkvæmt 1. gr. skal greiða skipstjóra 2¼% og stýrimanni 1¼% af:

a) Á ísfiskveiðum af heildarsöluverði fisks að frádregnum 20% af söluverði vegna útflutningsgjalda, tolla erlendis og löndunarkostnaðar.

b) Á saltfiskveiðum af verði fisksins vegnum upp úr skipi, samanber 10. gr. og 11. gr.

c) Á karfaveiðum af heildarsöluverði aflans.

d) Af lýsi 2¼% til skipstjóra en 2½% til stýrimanns af heildarsöluverði, samanber 10. og 11. grein.

e) Á aflaverðlaun greiðist ekki verðlagsuppbót.“

Þá segir svo í 10. gr. sama samnings:

„Frá gildistöku samnings þessa skal miða aflaverðlaun af flöttum fiski upp úr skipi við þetta verð á hverri smálest.“

1. Saltaður þorskur og langa kr. 1420.00

2. Saltaður upsi og ýsa — 757.00

Aflaverðlaun af flöttum, ósöltuðum fiski greiðist á sama hátt og af saltfiski, þó þannig að hver 1000 kg. af flöttum ósöltuðum fiski jafngilda 720 kg. af saltfiski.

Aflaverðlaun af óflöttum fiski, sem seldur er innanlands miðast við söluverð hans upp úr skipi, sem ekki má vera lægra en almennt gangverð, miðað við löndunarhöfn og ástand fisksins.

Aflaverðlaun af saltfiski, sem veiddur er utan Íslandsmiða, skulu vera 10% hærri en að framan segir.

Framangreint tímabil skal verð hverrar smálestar lýsis nr. I og II teljast kr. 3100.00, en verð hverrar smálestar lýsis nr. III og lakara lýsis kr. 400.00.

Miða skal við vottorð lýsismatsmanna, að því er varðar magn og flokkun lýsis.“

Loks er 11. gr. samnings þessa svohljóðandi:

„Hvor samningsaðilja nefnir einn mann í nefnd til þess að framkvæma rannsókn og mat á því, hvort breytingar hafi orðið á verði afurða þeirra, sem aflaverðlaun eru miðuð við. Þriðja mann í nefnd þessa nefnir borgardómarinn í Reykjavík. Tekur sá maður sæti í nefndinni, er ágreiningur verður með nefndarmönnum aðilja, og skal hann vera formaður nefndarinnar, er hann gegnir þar störfum.“

Hvenær sem er á samningstímabilinu getur hvor aðili um sig, ef hann telur ástæðu til, krafizt úrskurðar nefndarinnar, hvert teljast skuli verð umræddra afurða.

Nú telur nefndin, að orðið hafi verðbreytingar, er nemi 10% afurðaverðs, er leggja ber til grundvallar aflaverðlaunum eða meiru, og skulu aflaverðlaun þá til næstu verðákvörðunar miðuð við hið breytta verð.“

Til þess tíma, er þessi samningur var gerður, hafði kjörum skipstjóra og stýrimanna verið svo háttað, að þeir fengu, eins og nú, fastákveðið mánaðarkaup og tiltekinn hundradshluta

af söluverði aflans. Auk þessa höfðu þeir áður fengið í sinn hlut fyrirfram tiltekna fjárhæð af hverjum 165.9 lítrum lifrar, án tillits til þess, hverju verði hún seldist, svokallaða lifrarpeninga. En með samningnum 7. nóv. verður sú breyting, að til grundvallar aflaverðlaunum af saltfiski og flöttum fiski er lagt fastákveðið verð, sbr. 10. gr. Það verð getur svo aftur tekið breytingum samkvæmt því, sem nefnd sú, sem gert er ráð fyrir í 11. gr. hans, kann að komast að niðurstöðu um. Jafnframt þessu var sú breyting gerð á hinum eldri ákvæðum um lifrarhlutinn, að nú skulu skipstjórar og stýrimenn fá tiltekinn hundraðshluta, sbr. d-lið 2. gr., af heildarsöluverði lýsisins, en samkvæmt 10. gr. skal miða við það verð fyrir hverja smálest lýsis, sem þar er greint. En það er annað þeirra ágreiningsatriða, sem um er deilt í máli þessu, hvort það verð sé háð breytingum skv. 11. gr.

Hinn 19. febrúar þ. á. ritaði skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir stefnda bréf þess efnis, að óskir hafi komið fram frá mörgum félagsmönnum sínum um það, að endurskoðun fari fram á verðupphæð þeirri „*sem aflaverðlaun félagsmanna eru reiknuð eftir, vegna verðhækkunar á lýsi.*“ Jafnframt tilkynnir rélagið stefnda, að nafngreindur skipstjóri hafi af hálfu félagsins verið valinn í nefnd þá, sem samningurinn frá 7. nóvember 1950 geri ráð fyrir. Ekki sést, að stefndi hafi svarað bréfi þessu né haft uppi athugasemdir vegna efnis þess, en þó virðist maður hafa verið valinn í neind þessa af hálfu stefnda, því að 19. apríl s. á. ritar neindur skipstjóri stefnda bréf, þar sem hann skýrir frá því, að hann og útgerðarmaður sá, sem nefndur hafi verið til þess, „*að framkvæma mat á lýsisverði*“ hafi ekki komið að niðurstöðu í því máli. Ber skipstjórinn þar fram ákvæðna tillögu um það, hvert verð lýsisins skuli talið, og óskar þess, að stefndi hlutist til um það, að fenginn sé þriðji maðurinn í nefndina samkvæmt ákvæðum 11. gr., ef stefndi vilji ekki fallast á verðákvörðun sína. Þessu bréfi svarar framkvæmdastjóri stefnda 21. s. m. Viðurkennir þar móttöku bréfs skipstjórans frá 19. apríl „*varðandi mat á lýsisverði*“, en kveður ekki hægt að leggja tillögur skipstjórans fyrir stjórn stefnda fyrr en 26.

apríl. Hinn 21. maí ritar Farmanna- og fiskimannasambandið stefnda svohljóðandi bréf:

„Með skírskotun til 14. gr. samnings F. Í. B. við skipstjóra og stýrimannafélagið „Ægi“, Rvík, og „Vélstjórafélag Íslands“, frá 7. nóvember 1950, leyfum vér oss hérmeð að tilkynna yður, að téð félög hafa snúið sér til vor með tilmælum um, að vér tilnefndum mann til að endurskoða, með fulltrúa yçar, hugsanlegar verðbreytingar á *fiski þeim og lýsi, er nefndur samningur kveður á um . . .*“

Þessu bréfi svarar stefndi 25. s. m. og segir þar svo:

„Hefur stjórn F. Í. B. því ákveðið að fela Hafsteini Bergþórssyni áframhaldandi *endurskoðun á fisk- og lýsisverði*, sem um getur í samningi félagsins við stéttarfélag yfirmanna á togurum, dags. 7. nóv. 1950.“

Ekki varð þó úr því, að umrædd nefnd kæmist að neinni niðurstöðu, sökum ágreinings um það, hvernig skilja bæri ákvæði 10. gr. samningsins. Og er samkomulag náðist ekki höfðaði stefnandi mál þetta og gerði síðan við munnlegan flutning þess framangreindar dómkröfur.

Verða þær nú teknar til athugunar.

a) *Lýsið*: Stefnandi heldur því fram, að lýsið sé meðal þeirra afurða, sem nefnd sú, er um ræðir í framangreindri 11. gr., skuli rannsaka og meta hvort verðbreyting hafi orðið á, og samkvæmt því eigi verðbreytingar á lýsi, sem nema 10%, að hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar, eftir því í hvora átt þær hafa hnigið, á það lýsisverð, sem aflaverðlaunin miðast við. Verð það, sem um getur í 10. gr. samningsins, sé þáverandi verð á lýsinu, er aðeins hafi átt að miða við, þar til breyting yrði á því. Sé þetta ljóst af ákvæðum samningsins sjálfs og komi skýrt í ljós af því, að í d-lið 2. gr. sé beinlínis vitnað til 11. gr. samningsins, enda beinlínis verið um það rætt við samningsgerðina.

Stefndi telur hins vegar, að samið hafi verið um fast verð á lýsinu allt samningstímabilið, þ. e. það verð, sem tilgreint sé í 10. gr. samningsins. Kveður hann, að orðin „framangreint tímabil“ í upphafi næstsíðustu málsgreinar 10. gr. merki „samningstímabilið“, og sé tilvísun d-liðs 2. gr. til 10. gr. þýðingarlaus, og enda aðeins þar komin af vangá. Fullyrðir

hann, að það hafi komið glöggt fram, er samningar voru gerðir, að lýsisverðið skyldi vera fast, enda hafi svo alltaf verið áður meðan hinir svokölluðu lifrarpeningar voru greiddir og engin breyting átt að verða á því.

Fulltrúar þeir, sem aðallega fóru með samninga af hálfu beggja aðilja við samningana 7. nóvember f. á., hafa komið hér fyrir dóm og gefið skýrslur um það, sem þeir telja, að aðiljum hafi farið á milli um verð lýsisins við þá samningsgerð. Eru vitnisburðir þeirra algerlega andstæðir og ekki hægt að leggja þá til grundvallar, er skera skal úr um það, um hvað hafi verið samið varðandi lýsisverðið.

Þegar samningar þessir fóru fram haustið 1950 stóð svo á, að stefndi stóð jafnframt í samningum við sjómannafélögin um kaup og kjör háseta og einnig við Vélstjórufélag Íslands vegna vélstjóranna. Hinn 6. nóv. gerði stefndi samning við sjómannafélögin og var við þá samningsgerð lagt til grundvallar samningsuppkast frá sáttanefnd þeirri, sem vann að samkomulagi í deilu þeirra aðilja. Daginn eftir, hinn 7. nóv., samdi stefndi því næst við vélstjórufélagið. Samningurinn við skipstjóra og stýrimannafélagið var síðan gerður síðar sama dag, og eru aðiljar sammála um það, að vélstjórasmningurinn hafi þá verið hafður til fyrirmyndar, enda er 10. og 11. gr. skipstjóra- og stýrimannasamningsins að mestu samhljóða 13. gr. og 14. gr. vélstjórasmningsins. En sýnilegt er, að sjómannasamningurinn hefur verið lagður til grundvallar þeirri samningsgerð því 10. og 11. gr. skipstjóra og stýrimannasamningsins og 13. gr. og 14. gr. vélstjórasmningsins eru í höfuðatriðum samhljóða 24. og 25. gr. sjómannasamningsins.

Samkvæmt 11. gr. þess samnings, sem um er deilt í máli þessu og að framan greinir, er það aðalreglan, að nefnd sú, er greinin gerir ráð fyrir, skuli framkvæma rannsókn og mat á því, hvort breytingar hafi orðið á verði afurða þeirra, sem aflaverðlaun eru miðuð við. Ekki getur leikið vafi á því, að lýsið er afurðir, sem aflaverðlaun eru miðuð við, því þau eru greind í d-lið 2. gr. og jafnframt í þeim lið beinlínis vísað til ákvæða 11. gr. Það hefði því þurft að koma ótvírætt fram í samningnum, ef undanskilja átti lýsið ákvæðum 11. gr. En

gegn skýlausri tilvitnun d-liðs 2. gr. til 11. gr. sama samnings verður ekki talið, að hið óljósa orðalag „framangreint tíma-bil“ undanskilji lýsið ákvæðum 11. gr. Þegar öll þessi atriði eru virt, og það jafnframt haft í huga, að stefndi hafði ekki uppi andmæli gegn því, að lýsið félli undir verksvið nefndarinnar samkvæmt 11. gr. samningsins, þótt fullt tilefni gæfist til þess í sambandi við þau bréfaskipti, sem að framan eru rakin, verður að telja, að gögn bresti fyrir þeirri staðhæfingu stefnda, að samið hafi verið um fast verð á lýsinu allt samningstímabilið. Ber því að taka til greina þenna kröfulið stefnanda.

b) *Aflaverðlaun af saltfiski, sem landað er í erlendri höfn.*

Aðilja greinir á um það, hversu fara skuli um aflaverðlaun af saltfiski, sem veginn er upp úr skipi í erlendri höfn. Heldur stefnandi því fram, að um það eigi að fara eftir ákvæðum a-liðs 2. greinar (ísfiskveiðar).

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að ákvæði 10. gr. um aflaverðlaun af saltfiski eigi einnig við um saltfisk, sem veginn er upp úr skipi erlendis.

Aðiljar eru sammála um það, að fyrir 7. nóvember 1950 hafi verið fylgt þeirri reglu um sölu saltfisks upp úr skipi í erlendri höfn, að aflaverðlaun væru reiknuð af söluverði aflans þar með sama hætti og þegar um ísfisksölu hafi verið að ræða. Hér fyrir dómi hefur formaður samninganefndar skipstjóra- og stýrimannafélagsins staðhæft, að við samningsgerðina hafi verið um það rætt og það verið ágreiningslaust með samningsaðiljum, að sama regla skyldi gilda framvegis um sölu saltfisks upp úr skipi í erlendri höfn og áður hefði tíðkæzt, þ. e. reglurnar um ísfisksölu, og því sama er haldið fram af öðrum samninganefndarmanni skipstjóranna. Á svipaða lund er skýrsla tveggja samninganefndarmanna útvegsmanna, og var annar þeirra formaður samninganefndarinnar. Hafa þessir menn báðir lýst því yfir hér fyrir dómi, að ekki hafi átt að verða breyting á því fyrirkomulagi um saltfisksölu erlendis, sem áður hafði tíðkæzt. Þriðji samninganefndarformaðurinn af hálfu útvegsmanna, sem komið hefur fyrir dóm, kveðst ekki minnst þess, að þetta hafi borið á góma sérstaklega.

Pegar þetta er virt og það jafnframt haft í huga, að hvorki orðalag né andi samningsins virðist vera því til fyrirstöðu að leggja þann skilning í samninginn, sem stefnandi heldur fram um saltfisksölu erlendis, þykir bera að taka þessa dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákvæðinn kr. 800.00.

Dómsorð:

1. Lýsi telst til þeirra afurða, sem matsnefnd samkvæmt 11. gr. framangreinds samnings metur, hvort tekið hafi verðbreytingum.

2. Aflaverðlaun af saltfiski, sem veginn er upp úr skipi í erlendri höfn, skulu miðast við heildarsöluverð hans þar.

Stefndi, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, greiði stefnanda, Farmanna og fiskimannasambandi Íslands f. h. skipstjóra og stýrimannafélagsins Ægis, kr. 800.00 málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1951.

Nr. 10/1951: **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn

Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 4. júlí þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands gegn Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda. Stefnandi gerir þær dómkröfur: a) að dæmt verði, að lýsi skuli teljast til þeirra afurða, er matsnefnd samkvæmt 14. gr. samnings málsaðilja, frá 7. nóv. 1950, framkvæmir rannsókn og mat á, hvort tekið hafi verðbreytingum og b) að